

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 130/2019

frá 8. maí 2019

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1125/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar sem lánamiðlarar skulu hafa ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 7h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB) í XIX. viðauka við EES-samninginn:

„7ha. **32014 R 1125:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1125/2014 frá 19. september 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar tryggingar sem lánamiðlarar skulu hafa (Stjtið. ESB L 305, 24.10.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1125/2014, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2019 frá 8. maí 2019, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 305, 24.10. 2014, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING